

Föstudaginn 19. nóvember 1954.

Nr. 119/1954 og 120/1954.

Ákærvaldið (Magnús Thorlacius)

gegn

Sigurði Þorkeli Þorlákssyni

(Ragnar Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Dómi sakadóms Reykjavíkur 9. apríl 1954 í málinu: Ákærvaldið gegn Matthíasi Friðþjófssyni og Sigurði Þorkeli Þorlákssyni — er áfrýjað, að því er varðar sök ákærða Sigurðar. Þá er og áfrýjað dómi sakadóms Reykjavíkur 4. júní 1954: Ákærvaldið gegn Sigurði Þorkeli Þorlákssyni. — Eru brot þau, sem ákærða Sigurði eru gefin að sök í málum þessum, öll framin, áður en dómur gekk í héraði í fyrra málinu. Hafa málin því verið sameinuð í Hæstarétti, að því er þau varða ákærða Sigurð.

Ákærði Sigurður hefur viðurkennt að hafa framið brot þau, sem honum eru gefin að sök í málum þessum, og kemur sú játning heim við atvik, sem á annan hátt hafa verið leidd í ljós í málunum. Eru brotin rétt færð undir refsilaga-ákvæði í hinum áfrýjuðu dómum. Þykir refsing ákærða fyrir brot þessi með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi 15 mánuði, en frá ber að draga gæzluvarðhaldsvist hans í 59 daga.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um réttindasviptingu og greiðslu sakarkostnaðar í héraði, að því er tekur til ákærða Sigurðar, eiga að vera óröskuð.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Þorkell Þorláksson, sæti fangelsi 15

mánuði, en frá dragist gæzluvarðhaldsvist hans í 59 daga.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sviptingu réttinda og greiðslu sakarkostnaðar í héraði, að því er þau varða ákærða Sigurð, eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Ragnars Jónssonar, kr. 1.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. apríl 1954.

Ár 1954, föstudaginn 9. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, fulltrúa sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1420—1421/1954: Ákærvaldið gegn Matthíasi Friðþjófssyni og Sigurði Þorkeli Þorlákssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 20. febrúar sl., er opinbert mál höfðað gegn þeim Matthíasi Friðþjófssyni verkamanni, Efstasundi 87 hér í bæ, og Sigurði Þorkeli Þorlákssyni verkamanni, Raufarhöfn, fyrir auðgunarbrot, Matthíasi Friðþjófssyni samkvæmt 244. gr. og Sigurði Þ. Þorlákssyni samkvæmt 254., sbr. 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 1940, með því, 1) að því er Matthías varðar, að hafa að kvöldi laugardagsins 12. eða 19. september 1953 tekið ein fót, jakka, 2 rafmagnslampa, rafmagnsrakvél og belti um borð í hollenzka skipinu Maasyn N., er lá á Raufarhöfn, að ófrjálsum með leynd og slegið eign sinni á muni þessa, og 2) að því er Sigurð varðar, að taka síðar þátt í ávinningi af auðgunarbroti Matthíasar, vitandi, með hverjum hætti munirnir voru fengnir.

Ákærast því nefndir Matthías Friðþjófsson og Sigurður Þorkell Þorláksson til að sæta refsingu samkvæmt ofanrituðum hegningarlagaákvæðum til réttindasviptingar samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Matthías er fæddur 20. nóvember 1935 að Skinnalóni á Raufarhöfn og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum: 1953 17/8 Þingeyjarsýsla. Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. áfengislaga.

Ákærði Sigurður Þorkell Þorláksson er fæddur 9. júní 1930 í Sandgerði og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1944 18/12 Siglufj. Dómur, 10 daga varðhald, skilorðsb., fyrir brot gegn 244. og 245. gr. hegningarl.
- 1945 1/2 Siglufj. Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusp. Siglufjarðar.
- 1946 14/11 Siglufj. Dómur, 1 mánaðar fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegnl. og 5. gr. lögreglusp. Siglufjarðar. Sviptur leyfi til að kaupa og neyta áfengis.
- 1946 30/11 Rvík. Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannaferi.
- 1947 6/1 Rvík. Dómur aukaréttar, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað og áfengislagabrot.
- 1948 10/2 Siglufj. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusp. Siglufj.
- 1948 18/9 Rvík. Dómur aukaréttar, 1 árs fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi og sviptur rétti ævilangt til þess að öðlast ökuskírteini fyrir þjófnað, áfengis- og bifreiðalagabrot.
- 1949 15/2 Rvík. Dómur, 18 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað.
- 1952 21/11 Rvík. Sátt, 1.400 kr. sekt fyrir áfengissölu.
- 1952 3/12 Rvík. Dómur, 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarl.

Samkvæmt eigin játningu ákærðu, sem er í samræmi við það, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Nótt eina í septembermánuði síðastliðnum fór ákærði Matthías Friðþjófsson um borð í hollenzka skipið m/v Maasyn N., þar sem það lá á Raufarhöfn, og sló eign sinni á eftirtalda muni, sem voru þar í opnu herbergi: ein karlmannsföt, einn karlmannsjakka, eitt karlmanns-víravirkisbelti, tvo rafmagnsborðlampa og eina rafmagnsrakvél. Í fötunum reyndist vera hollenzk bankabók, og var innstæða hennar 349 gyllini og 99 sent.

Um mánaðamótin september og október sl. kom ákærði Sigurður Þorkell Þorláksson heim til ákærða Matthíasar og sá þá fyrrgreinda muni hjá honum. Ákærði Matthías sagði ákærða Sigurði Þorkeli frá því, hvernig hann var að mununum kominn. Eigi að síður keypti ákærði Sigurður Þorkell fötin og fékk rakvélinu að láni, en kaupverð fatanna var eigi tiltekið, þegar hann tók við þeim.

Öllum fyrrgreindum munum hefur nú verið skilað til eiganda þeirra.

Ákærði Matthías hefur með atferli sínu gerzt brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði, en rétt þykir eftir atvikum að ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla hegningarlaganna haldin.

Ákærði Sigurður Þorkell hefur með atferli sínu gerzt brotlegur

gegn 254. gr., sbr. 244. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hans með tilliti til fyrri afbrota hans hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., ber að svipta ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar. Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði Sigurður Þorkell Þorláksson sæti fangelsi í 45 daga.

Ákærði Matthías Friðþjófsson sæti fangelsi í 3 mánuði, en fullnustu refsingar hans skal fresta, og niður skal hún falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, haldin.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. júní 1954.

Ár 1954, föstudaginn 4. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómarar af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa hans, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2627/1954: Ákærvaldið gegn Sigurði Þorkatli Þorlákssyni, sem tekið var til dóms 2. þ. m.

I máli þessu er Sigurður Þorkell Þorláksson, til heimilis á Raufarhöfn, en nú gæzlufangi, ákærður fyrir að hafa framið þessi brot:

I° að hafa að kvöldi föstudagsins 19. marz sl. tekið að ófrjálssu kuldaúlpu úr bifreiðinni R. 4484, er stóð í porti við Vonarstræti,

II° að hafa aðfaranótt laugardagsins 27. marz brotízt inn í verzlun Kaupfélags Suðurnesja í Hafnargötu 30 í Keflavík og stolið þar kr. 1.050,00 í peningum og þremur úlpum,

III° að hafa aðfaranótt sunnudagsins 28. marz brotízt inn í verzlun Kaupfélags Suðurnesja, Hafnargötu 61, í því skyni að stela þar,

IV° að hafa aðfaranótt mánudagsins 29. marz brotízt aftur inn í þessa verzlun og tekið þar sporjárn og skæri. Teljast verknaðir þessir varða við 244. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga, að því er varðar III°.

Hann er ákærður til refsingar, sviptingar réttinda skv. 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu bóta og málskostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 9. júní 1930 í Sandgerði, hefur sætt þessum kærnum og refsingum:

1944 18/12 Siglufj. Dómur, 10 daga varðhald, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 244. og 245. gr. hegningarlaga.

1945 1/2 Siglufj. Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn lsb. Siglufjarðar.

- 1946 14/11 Siglufj. Dómur, 1 mánaðar fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarl. og 5. gr. lögreglu-sþ. Siglufjarðar. Svíptur leyfi til að kaupa og neyta áfengis.
- 1946 30/11 Rvík. Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1947 6/1 Rvík. Dómur aukaréttar, 8 mánaða fangelsi, svíptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað og áfengis-lagabrot.
- 1948 10/2 Siglufj. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþ. Siglufjarðar.
- 1948 18/9 Rvík. Dómur aukaréttar, 1 árs fangelsi, svíptur kos-ningarrétti og kjörgengi og svíptur rétti ævilangt til þess að öðlast ökuskirteini fyrir þjófnað, áfengis- og bif-reiðalagabrot.
- 1949 15/12 Rvík. Dómur, 18 mánaða fangelsi, svíptur kosningar-rétti og kjörgengi fyrir þjófnað.
- 1952 21/11 Rvík. Sátt, 1.400 kr. sekt fyrir áfengissölu.
- 1952 3/12 Rvík. Dómur, 5 mánaða fangelsi, svíptur kosningar-rétti og kjörgengi fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarl.
- 1954 9/4 Rvík. Dómur, 45 daga fangelsi, svíptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 254. og 244. gr. hegningarl.

Samkvæmt játningu ákærða sjálfs og öðrum gögnum eru mála-
vextir þessir:

I.

Að kvöldi föstudagsins 19. marz sl. tók ákærði að ófrjálsu hlífðar-jakka úr skinni úr bifreiðinni R. 4484, er stóð ólæst í porti við Vonarstræti 4 B. Hann hitti síðan kunningja sinn og fékk hann til að selja jakkann. Fékk hann 150 eða 170 kr. fyrir hann, og keyptu þeir félagar áfengi fyrir og drukku það saman. Jakkinn komst til skila, og hefur ekki komið fram bótakrafa af þessu tilefni.

II.

Aðfaranótt laugardagsins 27. marz brauzt ákærði drukinn inn í verzlun Kaupfélags Suðurnesja, Hafnargötu 30 í Keflavík. Stal hann þar nokkru af peningum og þremur kuldaúlpum. Samkvæmt upplýsingum úr verzluninni nam upphæð sú, er stolið var af peningum, kr. 1.050,00, og áttu 500 kr. að hafa verið teknar úr peninga-kassa í nýlenduvörudeild, en 550 kr. í kjötdeildinni. Ákærði neitar því, að hann hafi tekið nema rúmlega 600 krónur, kveðst hafa talið peningana morguninn eftir og verið þá ódrukkinn. Inn í verzlunina komst ákærði með því að brjóta rúðu í hurð og seilast þannig í „smekk“-lás.

Daginn eftir kveðst ákærði hafa farið til Reykjavíkur og verið þar við drykkju. Um kvöldið fór hann til Keflavíkur aftur. Þá um nóttina milli kl. 1 og 2 brauzt ákærði inn í skipa- og járnvörudeild Kaupfélags Suðurnesja, Hafnargötu 61 í Keflavík. Gekk hann á

hurð þannig, að læsingarumbúnaðurinn gaf eftir. Áður en til þess kæmi, að hann stæli þarna, varð hann var mannaferða og hafði sig þá á brott.

Næstu nótt brauzt ákærði aftur inn í þessa verzlun og með sama hætti og hið fyrra skiptið. Hann leitaði þarna eftir peningum og reyndi að sprengja upp tvær læstar skúffur í borði án árangurs. Til þess notaði hann sporjárn og skæri, er hann fann í verzluninni. Áhöld þessi hafði ákærði á brott með sér, en ekki er upplýst, að hann hafi stolið þarna neinu öðru.

Ákærði var ölvaður í öll skiptin, er hann framdi brot þau, er nú hefur verið lýst.

Ákærði hefur þannig gerzt sekur um verknaði þá alla, er ákæran tekur til, og varða þeir við lagaákvæði þau, er þar getur. Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og er litið er til fortíðar ákærða, hæfilega ákveðin fangelsi eitt ár. Áréttta ber réttindasviptingu þá skv. 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga, er ákærða hefur verið ákveðin í fyrri dómum. Ákærði hefur undir rannsókn málsins sætt varðhaldi síðan 30. marz. Í fyrstu þóttist hann ekkert muna um ferðir sínar á umræddum tíma og hvorki játaði né neitaði sekt sinni. Hinn 6. apríl skýrði hann rannsóknarlögreglunni frá því, að hann hefði framið innbrotin. Hinn 31. marz hafði hann viðurkennt þjófnaðinn á skinnjakkanum. Rétt þykir skv. 76. gr. hegningarlaga, að gæzluvistin síðan 6. apríl, alls 59 dagar, komi refsingu ákærða til frádráttar.

Kaupfélag Suðurnesja gerði bótakröfu á hendur ákærðum, svo hljóðandi:

Bætur vegna skemmda af innbroti	kr. 500,00
Peningar, er stolið var	— 1.050,00
Bætur vegna skemmda á úlpum	— 800,00

Kr. 2.350,00

Bótakröfunni hefur ákærði mótmælt sem allt of hárrí og órökstuddri. Dómurinn verður að líta svo á, að eigi hafi verið færð fram gögn til styrktar kröfunni og nauðsynleg rannsókn um kröfuna verði ekki gerð án óhæfilegs dráttar á málinu. Verður því að vísa kröfunni frá.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal 500 kr. til skipaðs verjanda hans, Þorvalds Garðars Kristjánssonar héraðsdómslögmanns.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Þorkell Þorláksson, sæti fangelsi eitt ár. Frá dragist gæzluvarðhaldsvist hans í 59 daga.

Ákærði er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Skaðabótakröfu Kaupfélags Suðurnesja vísast frá dómi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Garðars Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, kr. 500,00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. nóvember 1954.

Nr. 81/1954. **Ákærvaldið** (Þórólfur Ólafsson)

gegn

Jóni Ísak Magnússyni (Einar Ásmundsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking héraðsdóms sökum galla á dómi og rannsókn máls.

Dómur Hæstaréttar.

Í héraðsdómi eru ekki rakin ákæruatriði á hendur sakborningi, 8 að tölu, sem greind eru í ákæruskjali dómsmálaráðherra, og eigi hefur héraðsdómari heldur tekið einstök ákæruatriði til úrlausnar hvert fyrir sig að einu undanskildu. Sakir þessara megingalla á héraðsdómi ber að ómerkja hann og vísa málinu heim í hérað til dómsálagningar af nýju.

Það athugast, að nokkur þeirra vitna, sem kvödd hafa verið fyrir dóm og borið þar vætti, hafa ekki verið eiðfest. Þá hafa eigi allir þeir menn verið krafðir vættis, sem ástæða var til að kveðja fyrir dóm til að afla frekari gagna um atvik, sem vitni höfðu greint frá í rannsókn málsins.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málflytningu- og skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytningu- og skipaðs sækjanda